

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1066

frá 17. júní 2016

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar málsmeðferðarreglur, stöðluð eyðublöð og sniðmát fyrir tilhögun upplýsingamiðlunar að því er varðar skilaáætlanir fyrir lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EEC og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Skilavöldum hefur verið falið það hlutverk að semja skilaáætlanir fyrir lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki („stofnanir“) í samræmi við kröfurnar og málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í tilskipun 2014/59/ESB og hafa í því skyni fengið valdheimildir til að krefja stofnanir um nauðsynlegar upplýsingar. Móðurstofnun í Sambandinu á því, með sértæku tilliti til skilaáætlana samstæðu, að leggja fram viðeigandi upplýsingar fyrir skilavald á samstæðustigi sem verður síðan að senda það áfram til yfirvaldanna sem skráð eru í annarri undirgrein 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 2014/59/ESB í samræmi við málsmeðferðina sem þar er mælt fyrir um.
- 2) Móta ætti málsmeðferð og lágmarkssamstæðu sniðmáta til að óska nauðsynlegra upplýsinga frá stofnunum á þann hátt sem gerir skilavöldum kleift að safna þessum upplýsingum saman á samræmdan hátt um allt Sambandið og greiða fyrir upplýsingaskiptum milli viðkomandi yfirvalda.
- 3) Stofnunum ber skylda til, í samræmi við a-lið 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, að hafa með sér eins mikið samstarf og þörf krefur við skilavöld að því er varðar samantekt skilaáætlana. Hins vegar ætti að semja málsmeðferðarreglur til að lágmarka tvíverknað krafna um upplýsingar. Að því er þetta varðar er ráð fyrir því gert í tilskipun 2014/59/ESB að lögbærum yfirvöldum sé skylt að eiga samstarf við skilavöld. Samstarf þetta hefur í för með sér að lögbært yfirvald og skilavald staðfesta sameiginlega hvort einhverjar eða allar nauðsynlegar upplýsingar séu þegar tiltækar lögbæru yfirvaldi, með því að sinna eftirlitsverkefnum sínum. Rétt þykir, þegar þessar upplýsingar eru tiltækar, að lögbært yfirvald sendi þær áfram.
- 4) Rétt þykir, með heildarinntak skilaáætlana í huga, að lágmarkssamstæða sniðmáta taki til kjarna upplýsinga varðandi stofnun sem afhenda á skilavaldi.
- 5) Reglugerð þessi byggir á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190.

- 6) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um tæknilega eftirlitsstaðla sem þessi reglugerð er byggð á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitum hagsmunahópsins um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ⁽²⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Tilhögun upplýsingamiðlunar að því er varðar skilaáætlanir

Afhending stofnunar á nauðsynlegum upplýsingum til skilavalds í því skyni að semja og framkvæma skilaáætlanir í samræmi við 11. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, þ.m.t. skilaáætlanir á samstæðustigi í samræmi við 13. gr. þeirrar tilskipunar, skal fara fram í samræmi við málsmeðferðarreglurnar sem mælt er fyrir um í 2. gr. þessarar reglugerðar og skal nota, eftir atvikum, sniðmát sem um getur í 3. gr. þessarar reglugerðar.

2. gr.

Málsmeðferð

1. Skilavald skal, í þeim tilgangi að sannreyna, í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, hvort sumar eða allar nauðsynlegar upplýsingar sem það skal krefjast frá stofnun í því skyni að semja skilaáætlun, séu þegar tiltækar lögbæru yfirvaldi, fyrst leita eftir slíkum upplýsingum frá lögbæru yfirvaldi viðkomandi stofnunar.
2. Það yfirvald skal, þegar sumar eða allar nauðsynlegar upplýsingar eru þegar tiltækar lögbæru yfirvaldi, afhenda skilavöldum þessarar upplýsingar á réttum tíma.
3. Skilavald skal krefjast þess á beinan hátt að stofnunin afhendi nauðsynlegar upplýsingar þegar upplýsingarnar eru ekki þegar tiltækar lögbæru yfirvaldi eða þegar sniðmátið, sem lögbært yfirvald hefur notað við afhendingu þeirra, er ófullnægjandi að mati skilavalds, einkum að teknu tilliti til málsmeðferðarinnar við að semja skilaáætlanir samstæðu.
4. Stofnunin skal, þegar upplýsingar sem skilavald hefur óskað eftir í samræmi við 3. mgr. eru innifaldar í einum af flokkunum sem nefndir eru í 3. gr., afhenda því þær upplýsingar með því að leggja fram viðeigandi sniðmát sem eru í I.–XII. viðauka, í kjölfar leiðbeininga sem settar eru fram í XIII. viðauka.
5. Þegar upplýsingarnar sem skilavald óskar eftir falla ekki undir neinn flokk sem nefndur er í 3. gr. skal afhenda þær á því sniðmáti sem það hefur óskað eftir.
6. Í beiðni skilavalds um upplýsingar til stofnunar, eins og um getur í 3. mgr., skal:
 - a) tilgreina, að teknu tilliti til magns og flækjustígs umbeðinna upplýsinga, viðeigandi tímaramma sem stofnunin skal virða þegar hún afhendir skilavaldi upplýsingarnar,
 - b) tilgreina, þegar umbeðnar upplýsingar eru innifaldar í einum af flokkunum sem settir eru fram í 3. gr., viðeigandi sniðmát í I.–XII. viðauka og nota á til að afhenda skilavaldi upplýsingarnar,
 - c) tilgreina, þegar umbeðnar upplýsingar eru ekki innifaldar í neinum af flokkunum sem nefndir eru í 3. gr. og falla ekki undir nein sniðmát sem innifalin eru í I.–XII. viðauka, sniðmátið sem nota á til að afhenda skilavaldi upplýsingarnar,
 - d) tilgreina hvort fylla þurfi út viðeigandi sniðmát í I.–XII. viðauka á einingar- eða samstæðugrunni og hvort umfang þess sé staðbundið, taki til Sambandsins eða sé hnattrænt í samræmi við fyrirmælin sem koma fram í XIII. viðauka,
 - e) veita nauðsynlegar samskiptaupplýsingar til þess sem veita á upplýsingarnar innan skilavaldsins.

3. gr.

Lágmarkssamstæða upplýsinga sem felast í sniðmátunum

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

Lágmarkssamstæða sniðmáta fyrir tilhögun upplýsingamiðlunar skv. 11. gr. tilskipunar 2014/59/ESB skal fela í sér eftirfarandi flokka:

- 1) stjórnskipulag, eins og tilgreint er í I. viðauka,
- 2) stjórnunarhætti og stjórnun, eins og tilgreint er í II. viðauka,
- 3) nauðsynlega starfsþætti og kjarnastarfsemi, eins og tilgreint er í III. viðauka,
- 4) þýðingarmikla mótaðila, eins og þeir eru tilgreindir í 1. þætti í IV. viðauka: Eignir, 2. þáttur: Skuldir, og 3. þáttur: Efnislegar áhættuvarnir,
- 5) uppbyggingu skulda, eins og þær eru tilgreindar í V. viðauka,
- 6) veðsetta tryggingu, eins og hún er tilgreind í VI. viðauka,
- 7) utan efnahagsreiknings, eins og það er tilgreint í VII. viðauka,
- 8) greiðslu-, stöðustofnunar- og uppgjörskerfi, eins og þau eru tilgreind í VIII. viðauka,
- 9) upplýsingakerfi, eins og þau eru tilgreind í 1. þætti IX. viðauka: Almennar upplýsingar og 2. þáttur: Vörpun,
- 10) samtengingu, eins og hún er tilgreind í X. viðauka,
- 11) yfirvöld, eins og þau eru tilgreind í XI. viðauka,
- 12) lagaleg áhrif skilameðferðar, eins og þau eru tilgreind í XII. viðauka.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. júní 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Stjórnskipulag

Lögaðili		Beinn handhafi		Fjármagn	Atkvæðisréttur	Samstæðueining	
Heiti einingar	Lagalegt kennimerki	Heiti einingar	Lagalegt kennimerki			Heiti einingar	Lagalegt kennimerki
010	020	030	040	050	060	070	080
<i>Eignarhaldsfélag X</i>	<i>110</i>	<i>Á ekki við</i>	<i>Á ekki við</i>	<i>Á ekki við</i>	<i>Á ekki við</i>	<i>Á ekki við</i>	<i>Á ekki við</i>
<i>Banki A (móðurfélag)</i>	<i>111</i>	<i>Eignarhaldsfélag X</i>	<i>110</i>	<i>100%</i>	<i>100%</i>	<i>Banki A</i>	<i>111</i>
<i>Banki B (dótturfélag)</i>	<i>112</i>	<i>Banki A</i>	<i>111</i>	<i>80%</i>	<i>60%</i>	<i>Banki A</i>	<i>111</i>
<i>Banki U</i>	<i>156</i>	<i>Banki B</i>	<i>112</i>	<i>100%</i>	<i>100%</i>	<i>Banki A</i>	<i>111</i>

010	020	030	040	050	060	070	080	090	100	110	120	130	140
<i>Banki A</i>	<i>111</i>	<i>London</i>	<i>Bretland</i>	<i>BoE</i>	<i>Taka innlána</i>	<i>David Jones</i>	<i>4444444</i>	<i><u>diones@banka.com</u></i>					
<i>Banki B</i>	<i>112</i>	<i>París</i>	<i>Frakkland</i>	<i>ACP</i>	<i>Taka innlána, eignastýring</i>	<i>Paul Durand</i>	<i>33333333</i>	<i><u>pdurand@bankb.com</u></i>					

Stjórnunarhættir og stjórnun

Lögaðili		Staðsetning	Lögsaga stofnsetningar	Leyfisyfirvald	Tegund leyfis	Aðili stjórnar sem ber ábyrgð á að afhenda upplýsingar um skilaáætlunina			Lykilstjórnandi				
Heiti einingar	Lagalegt kennimerki					Heiti	Símanúmer	Tölvupóstfang	Heiti	Aðgerð	Deild	Símanúmer	Tölvupóstföng
010	020	030	040	050	060	070	080	090	100	110	120	130	140

III. VIÐAUKI

Nauðsynlegir starfsþættir og kjarnastarfsemi

Nauðsynlegir starfsþættir	Kjarnastarfsemi	Lögaðili		Staðsetning	Fjöldi skrifstofa/útibúa á staðnum	Efnislegar eignir			Efnislegar skuldbindingar			Fulltrúi framkvæmdastjórnar sem ber ábyrgð á að afhenda upplýsingar				
		Heiti einingar	Lagalegt kennimerki			Tegund	Fjárhæð	Gjaldmiðill	Tegund	Fjárhæð	Gjaldmiðill	Heiti	Aðgerð	Deild	Símanúmer	Tölvupóstföng:
010	020	030	040	050	060	070	080	090	100	110	120	130	140	150	160	170
Taka innlána	Viðskiptabankastarfsemi (smásala)	Banki A	111	Bretland	87				innlán	5.000	Sterlingspund					

Nauðsynlegir starfsþættir og kjarnastarfsemi

Nauðsynlegir starfsþættir	Kjarnastarfsemi	Lögaðili		Staðsetning	Fjöldi skrifstofa/útibúa á staðnum	Efnislegar eignir			Efnislegar skuldbindingar			Fulltrúi framkvæmdastjórnar sem ber ábyrgð á að afhenda upplýsingar				
		Heiti einingar	Lagalegt kennimerki			Tegund	Fjárhæð	Gjaldmiðill	Tegund	Fjárhæð	Gjaldmiðill	Heiti	Aðgerð	Deild	Símanúmer	Tölvupóstfang:
010	020	030	040	050	060	070	080	090	100	110	120	130	140	150	160	170

IV. VIÐAUKI

1. ÞÁTTUR

Þýðingarmiklir mótaðilar (eignir)

Lögaðili		Þýðingarmikill mótaðili		Gjaldmiðill	Upphafleg áhættuskuldbinding	Mildanir útlánaáhættu	Virðisbreytingar og varúðarniðurfærslur	Hrein áhættuskuldbinding	Áhrif á CET1-blutfall
Heiti einingar	Lagalegt kennimerki	Heiti einingar	Lagalegt kennimerki	050	060	070	080	090	100
010	020	030	040						
<i>Banki A</i>	<i>111</i>	<i>Ríkisstjórn Bretlands</i>	<i>789</i>	<i>Sterlingspund</i>	<i>200 000</i>	<i>0</i>	<i>0</i>	<i>200 000</i>	<i>200bp</i>
<i>Banki B</i>	<i>112</i>	<i>Banki W</i>	<i>444</i>	<i>Evra</i>	<i>1 000 000</i>	<i>500 000</i>	<i>200 000</i>	<i>300 000</i>	<i>300bp</i>
<i>Banki A</i>	<i>111</i>	<i>Fyrirtæki U</i>	<i>650</i>	<i>Evra</i>	<i>500 000</i>	<i>0</i>	<i>400 000</i>	<i>100 000</i>	<i>100bp</i>

Lögaðili		Þýðingarmikill mótaðili		Gjaldmiðill	Upphafleg áhættuskuldbinding	Mildanir útlánaáhættu	Virðisbreytingar og varúðarniðurfærslur	Hrein áhættuskuldbinding	Áhrif á CET1-blutfall
Heiti einingar	Lagalegt kennimerki	Heiti einingar	Lagalegt kennimerki	050	060	070	080	090	100
010	020	030	040						

2. ÞÁTTUR

Þýðingarmiklir mótaðilar (skuldir)

Lögaðili		Þýðingarmikill mótaðili		Fjármögnun		
Heiti einingar	Lagalegt kennimerki	Heiti einingar	Lagalegt kennimerki	Tegund	Fjárhæð	Gjaldmiðill
010	020	030	040	050	060	070

Lögaðili		Þýðingarmikill mótaðili		Fjármögnun		
Heiti einingar	Lagalegt kennimerki	Heiti einingar	Lagalegt kennimerki	Tegund	Fjárhæð	Gjaldmiðill
010	020	030	040	050	060	070

Lögaðili		Þýðingarmikill mótaðili		Efnislegar áhættuvarnir (á efnahagsreikningi)				Efnislegar áhættuvarnir (utan efnahagsreiknings)			
Heiti einingar	Lagalegt kennimerki	Heiti einingar	Lagalegt kennimerki	Tegund	Fjárhæð	Gjaldmiðill	Tilgangur áhættuvarnar	Tegund	Fjárhæð	Gjaldmiðill	Tilgangur áhættuvarnar
010	020	030	040	050	060	070	080	090	100	110	120

V. VIÐAUKI

Samsetning skulda

010	Heiti lögaðila	Banki A
020	Lagalegt kennimerki	111
030	Gildandi lög um skuldir	EES
040	Dagsetning	31/12/2013

Mótaðilar	Skuld sem er lagalega víkjandi	Skuld sem er lagalega víkjandi en telst þáttur 2	Skuld sem er lagalega víkjandi	Ótryggð forgangsskuld
-----------	--------------------------------	--	--------------------------------	-----------------------

130	Aðrir/ekki tilgreindir									
140	<i>þar af hæfar skuldbindingar</i>									
150	SAMTALS									
160	Heildarfjárhæð aðstoðarhæfra skuldbindinga									

Mótaðilar	Samtals	Innstæður		Tryggð skuld	Aðrar skuldbindingar sem eru undanskildar með beitingu 2. mgr. 44. gr. tilskipunar um endurreisn og skilameðferð fjármálafyrirtækja	Afleiður		SAMTALS
		<i>þar af tryggingarhæfar innstæður</i>	<i>þar af tryggðar innstæður</i>			Áhættuskuldbinding eftir varfærnislegan útreikning á hreinni stöðu	Áhættuskuldbinding eftir frádrátt tryggingarfjár og veðs	
	110	120	130	140	150	160	170	180
050	Einstaklingar							
055	<i>þar af hæfar skuldbindingar</i>							
060	Örfyrirtæki, lítil og meðalstór fyrirtæki							
065	<i>þar af hæfar skuldbindingar</i>							
070	Stór fyrirtæki sem eru ekki fjármálafyrirtæki							
075	<i>þar af hæfar skuldbindingar</i>							
080	Stofnanir							

einingar	kennimerki	einingar	kennimerki			einingar	kennimerki				einingar	kennimerki			
010	020	030	040	050	060	070	080	090	100	110	120	130	140	150	160
<i>Banki A</i>	<i>111</i>	<i>Ríkisstjórn Bandaríkja nna</i>	<i>278</i>	<i>Bandarísk ríkissskuld bréf</i>		<i>Banki L</i>	<i>487</i>	<i>1000</i>	<i>Bandarísku r dalur</i>	<i>Bandaríkin</i>	<i>Banki B</i>	<i>345</i>	<i>10 000</i>	<i>Bandarísku r dalur</i>	<i>Bandaríkin</i>
<i>Banki A</i>	<i>111</i>	<i>Banki A</i>	<i>997</i>	<i>Fasteignav eð</i>		<i>BoE</i>	<i>997</i>	<i>1000</i>	<i>Sterlingspu nd</i>	<i>Bretland</i>	<i>Banki C</i>	<i>587</i>	<i>8000</i>	<i>Sterlingspu nd</i>	<i>Bretland</i>

VIII. VIÐAUKI

Greiðslu-, stöðustofnunar- og uppgjörskerfi

Lögaðili		Kerfi				Fulltrúastofnun		Vörpun í nauðsynlegan starfsþátt	Vörpun á kjarnastarfsemi	Aðildarkröfur	Áhrif skilameðferðar á aðild eða samning við fulltrúastofnuna	Staðganga	Viðbótarupplýsingar
Heiti einingar	Lagalegt kennimerki	Tegund kerfis	Tilnefning	Þátttökuhamur	Auðkenniskóði	Heiti einingar	Auðkenniskóði						
010	020	030	040	050	060	070	080	090	100	110	120	130	140
<i>Banki A</i>	<i>111</i>	<i>Vörsluaðili</i>	<i>Clearstream</i>	<i>óbeint</i>		<i>Banki W</i>			<i>Verðbréfavíðskipti</i>		<i>Uppsögn aðildar</i>	<i>Euroclear</i>	
<i>Banki B</i>	<i>112</i>	<i>Greiðsla</i>	<i>TAKMARK</i>	<i>beint</i>				<i>Greiðsla</i>					

--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--

IX. VIÐAUKI

1. ÞÁTTUR

Upplýsingakerfi (almennar upplýsingar)

Kerfi			Eining innan samstæðu sem er aðili að samningi		Tegund samnings	Mótaðili		Ábyrgðaraðili			Áhrif skilameðferðar á samfelldan aðgang að upplýsingakerfum
Auðkenning	Tegund	Lýsing	Heiti einingar	Lagalegt kennimerki		Heiti einingar	Lagalegt kennimerki	Heiti	Símanúmer	Tölvupóstfang	
010	020	030	040	050	060	070	080	090	100	110	120
<i>Kerfi A</i>	bankaviðskipti á Netinu		<i>Banki A</i>	<i>111</i>	<i>Leyfi</i>	<i>Eining A</i>					

<i>Kerfi B</i>	lánasamþykki	<i>Banki A</i>	<i>111</i>	<i>Leyfi</i>	<i>Eining B</i>					
	lánasamþykki	<i>Banki B</i>	<i>112</i>	<i>Leyfi</i>	<i>Eining B</i>					
<i>Kerfi C</i>	annað	<i>Banki C</i>	<i>113</i>	<i>Sameiginleg þjónusta</i>	<i>Eining C</i>					

Páttur 2

Upplýsingakerfi (vörpun)

Kerfi	Notandi			
	Heiti einingar	Lagalegt kennimerki	Nauðsynlegur starfsbáttur	Kjarnastarfsemi
010	020	030	040	050
<i>Kerfi A</i>	<i>Banki A</i>	<i>111</i>	<i>Taka innlána</i>	<i>Taka innlána</i>
<i>Kerfi A</i>	<i>Banki B</i>	<i>112</i>	<i>Taka innlána</i>	<i>Taka innlána</i>
<i>Kerfi B</i>	<i>Banki A</i>	<i>111</i>	<i>Kredit</i>	<i>Smásala</i>
<i>Kerfi B</i>	<i>Banki C</i>	<i>113</i>	<i>Kredit</i>	<i>Bankaþjónusta við fyrirtæki</i>
<i>Kerfi C</i>	<i>Banki A</i>	<i>111</i>	<i>Allir</i>	<i>Allir</i>

--	--	--	--	--

Samtengingar


Lögaðili A		Lögaðili B		Tegund samtengingar	Lýsing
Heiti einingar	Lagalegt kennimerki	Heiti einingar 2	Lagalegt kennimerki 2		
010	020	030	040	050	060
<i>Banki A</i>	<i>101</i>	<i>Banki B</i>	<i>102</i>	<i>Starfsfólk</i>	<i>Löglærðir starfsmenn (40 full störf)</i>
<i>Banki A</i>	<i>101</i>	<i>Banki C</i>	<i>103</i>	<i>Starfsfólk</i>	<i>Löglærðir starfsmenn (40 full störf)</i>
<i>Banki B</i>	<i>102</i>	<i>Banki C</i>	<i>103</i>	<i>Kerfi</i>	<i>Banki B notar einnig öll sömu kerfi og grunnvirki upplýsingatækni og Banki C</i>
<i>Banki A</i>	<i>101</i>	<i>Banki C</i>	<i>103</i>	<i>Fjármögnunarráðstafanir</i>	<i>Fjármögnun á Banka C fer fram fyrir milligöngu Banka A</i>
<i>Banki A</i>	<i>101</i>	<i>Eining D</i>	<i>104</i>	<i>Starfsfólk</i>	<i>Löglærðir starfsmenn (40 full störf)</i>
<i>Banki A</i>	<i>101</i>	<i>Banki B</i>	<i>102</i>	<i>Fjármögnunarráðstafanir</i>	<i>Fjármögnun á banka B fer fram fyrir milligöngu banka A</i>
<i>Banki C</i>	<i>103</i>	<i>Eining D</i>	<i>104</i>	<i>Aðstaða</i>	<i>Höfuðstöðvar Banka C og einingar D eru í sömu byggingu</i>
<i>Banki A</i>	<i>101</i>	<i>Banki B</i>	<i>102</i>	<i>Lausafjárráðstafanir</i>	<i>Banki A samþykkir að láta banka B í té lausafé þegar nauðsyn krefur</i>
<i>Eining D</i>	<i>104</i>	<i>Banki A</i>	<i>101</i>	<i>Starfsfólk</i>	<i>Allt starfsfólk Banka A í upplýsingatækni er frá einingu D</i>

--	--	--	--	--	--

XI. VIÐAUKI

Yfirvöld

Lögaðili		Miðlægt yfirvald/yfirvöld			Skilavald			Innstæðutryggingaryfirvald		
Heiti einingar	Lagalegt kennimerki	Heiti yfirvalds	Símanúmer	Tölvupóstfang	Heiti yfirvalds	Símanúmer	Tölvupóstfang	Heiti yfirvalds	Símanúmer	Tölvupóstfang
010	020	030	040	050	060	070	080	090	100	110
Banki A	111	Yfirvald sem sinnir varfærnisefirliti (e. Prudential Regulation Authority)			Englandsbanki			Bótakerfi fyrir fjármálaþjónustu (e. Financial Services Compensation Scheme)		



XII. VIÐAUKI

Lagaleg áhrif skilameðferðar

Lögaðili		Þriðji aðili		Tegund samnings	Uppsögn sem hefur áhrif á skiláurræði	Athugasemdir
Heiti einingar	Lagalegt kennimerki	Heiti einingar	Lagalegt kennimerki			
010	020	030	040	050	060	070
<i>Banki B</i>	<i>112</i>	<i>Euronext NV</i>		<i>Aðild</i>	<i>Já</i>	<i>Sala á eignastýringarstarfsemi er hugsanlega erfið þegar um skilameðferð er að ræða</i>

--	--	--	--	--	--	--

XIII. VIÐAUKI

Fyrirmæli um að fylla út sniðmátin í I. til XII. viðauka

Almennar leiðbeiningar

1. SKIPULAG OG SAMNINGUR

1.1. Uppbygging

Ramminn samanstendur af 12 samstæðum sniðmáta sem ná samtals yfir 15 sniðmát samkvæmt eftirfarandi áætlun:

1. Stjórnskipulag
2. Stjórnunarhættir og stjórnun
3. Nauðsynlegir starfsþættir og kjarnastarfsemi
4. Þýðingarmiklir mótaðilar (3 sniðmót)
5. Samsetning skulda
6. Veðsett trygging
7. Utan efnahagsreiknings
8. Greiðslu-, stöðustofnunar- og uppgjörskerfi
9. Upplýsingakerfi (2 sniðmát)
10. Samtengingar
11. Yfirvöld
12. Lagaleg áhrif skilameðferðar

1.2. Reikningsskilastaðall

Stofnanir skulu greina frá bókfærðu verði samkvæmt reikningsskilaumgjörð sem þær nota til að greina frá fjárhagsupplýsingum. Stofnanir, sem ekki ber skylda til að greina frá fjárhagsupplýsingum, skulu nota viðeigandi reikningsskilaumgjörð.

Í þessum viðauka vísa „IAS-staðall“ og „IFRS-staðall“ til alþjóðlegra reikningsskilastaðla, eins og þeir eru skilgreindir í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

Fjárhæðir sem greint er frá í sniðmátinu ættu að vera vergt bókfært virði, nema annars sé getið í leiðbeiningunum.

1.3. Samningur um tölusetningu

Eftirfarandi almenn tákun er notuð í þessum fyrirmælum til að vísa í dálka, raðir og reiti sniðmátsins: $\{\}\{\text{Sniðmát; Röð; Dálkur}\}$.

1.4. Beitingarsvið

Skilavöldin ákvarða beitingarsviðið þegar þau setja fram beiðni sína, beint eða óbeint, til stofnana.

Fyrirmæli sem varða sniðmát

2. I. VIÐAUKI — STJÓRNSKIPULAG

Eftirfarandi þættir, sem skráðir eru í þátt B í viðaukanum við tilskipun 2014/59/ESB, falla undir þetta sniðmát:

1) nákvæm lýsing á stjórnskipulagi stofnunarinnar, þ.m.t. skrá yfir alla lögaðila

2) deili á beinum eigendum og hlutfall réttinda með og án atkvæðisréttar hvers lögaðila

Leiðbeiningar um sérstaka dálka:

Dálkar	Lagastöð og leiðbeiningar
010–020	Lögaðili
010	Heiti einingar
020	Kennimerki lögaðila 20 stafa alstafakóði lögaðila sem auðkenndur er í dálki 010. Kennimerki lögaðila sem með einkvæmum hætti tilgreinir lögaðila eða skipulag sem er aðili að fjármálaviðskiptum, í hvaða lögsögu sem er. Ef „kennimerki lögaðila“ er ekki fyrir hendi fyrir tiltekna einingu skal afhenda aðra tegund auðkenningar. Aðeins er heimilt að segja „ekki tiltækt“ þegar ekki er nein önnur tegund auðkenningar fyrir hendi.
030–040	Beinn handhafi
030	Heiti einingar Heiti einingar sem á beina hlutdeild í og stjórnar lögaðila sem er auðkenndur í dálki 010.
040	Kennimerki lögaðila 20 stafa alstafakóði lögaðila sem auðkenndur er í dálki 030. Kennimerki lögaðila sem með einkvæmum hætti tilgreinir lögaðila eða skipulag sem er aðili að fjármálaviðskiptum, í hvaða lögsögu sem er.
050	Fjármagn (%) Hlutfall fjármagns í vörslu lögaðila sem skráður er í dálki 030 í lögaðila sem skráður er í dálki 010.
060	Atkvæðisréttur (%) Hlutfall atkvæðisréttar í vörslu lögaðila sem skráður er í dálki 030 í lögaðila sem skráður er í dálki 010.
070–080	Samstæðueining
070	Heiti einingar

Dálkar	Lagastoð og leiðbeiningar
	Heiti einingar á samstæðustigi með einingu sem skráð er í dálki 010 á hæsta stigi samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013.
080	<p>Kennimerki lögaðila</p> <p>20 stafa alstafakóði lögaðila sem auðkenndur er í dálki 070. Kennimerki lögaðila sem með einkvæmum hætti tilgreinir lögaðila eða skipulag sem er aðili að fjármálaviðskiptum, í hvaða lögsögu sem er.</p> <p>Ef „kennimerki lögaðila“ er ekki fyrir hendi fyrir tiltekna einingu skal afhenda aðra tegund auðkenningar. Aðeins er heimilt að segja „ekki tiltækt“ þegar ekki er nein önnur tegund auðkenningar fyrir hendi.</p>

3. II. VIÐAUKI — STJÓRNUNARHETTIR OG STJÓRNUN

<p>Eftirfarandi þáttur, sem skráður er í þátt B í viðaukanum við tilskipun 2014/59/ESB, fellur undir þetta sniðmát:</p> <p><i>3) staðsetning, lögsaga stofnsetningar, leyfisveiting og lykilstjórnendur hjá hverjum lögaðila</i></p>
--

Leiðbeiningar að því er varðar sérstaka dálka:

Dálkar	Lagastoð og leiðbeiningar
010–020	Lögaðili
010	Heiti einingar
020	<p>Kennimerki lögaðila</p> <p>20 stafa alstafakóði lögaðila sem auðkenndur er í dálki 010. Kennimerki lögaðila sem með einkvæmum hætti tilgreinir lögaðila eða skipulag sem er aðili að fjármálaviðskiptum, í hvaða lögsögu sem er.</p> <p>Ef „kennimerki lögaðila“ er ekki fyrir hendi fyrir tiltekna einingu skal láta í té aðra tegund auðkenningar. Aðeins er heimilt að segja „ekki tiltækt“ þegar ekki er nein önnur tegund auðkenningar fyrir hendi.</p>
030	<p>Staðsetning</p> <p>Borg þar sem einingin sem er skráð í dálk 010 er lagalega skráð.</p>
040	<p>Lögsaga stofnsetningar</p> <p>Lögsaga þar sem einingin sem er skráð í dálk 010 er stofnsett, auðkennd samkvæmt ISO 3166.</p>
050	<p>Leyfisyrivald</p> <p>Heiti yfirvaldsins sem veitir stofnun, sem skráð er í dálki 010, starfsleyfi sem banki eða verðbréfafyrirtæki.</p>
060	Tegund leyfis

Dálkar	Lagastoð og leiðbeiningar
070–090	Aðili stjórnar sem ber ábyrgð á að afhenda skilavöldum nauðsynlegar upplýsingar um skilaáætlunina
070	Heiti Eiginnafn, kenninafn
080	Símanúmer
090	Tölvupóstfang
100-140	Lykilstjórnandi Háttsettur aðili í einingunni sem ber ábyrgð á skilameðferð þeirrar einingar
100	Heiti Eiginnafn, kenninafn
110	Aðgerð
120	Deild
130	Símanúmer Símanúmer deildar og einkanúmer einstaklingsins sem nefndur er í dálki 100.
140	Tölvupóstfang Pósthólf deildar og einkanetfang einstaklingsins sem nefndur er í dálki 100.

4. III. VIÐAUKI — NAUÐSYNLEGIR STARFSÞÆTTIR OG KJARNASTARFSEMI

Eftirfarandi þættir, sem skráðir eru í þátt B í viðaukanum við tilskipun 2014/59/ESB, falla undir þetta sniðmát:

4) kortlagning lykilstarfsemi stofnunarinnar og kjarnastarfsemi, þ.m.t. verulegra eignarhluta og skuldbindinga sem varða slíka starfsemi og viðskiptasvið, með tilvísun til lögaðila

17) hvaða aðili stjórnar ber ábyrgð á skilaáætlun stofnunarinnar, auk þeirra sem bera ábyrgð, ef aðrir, á mismunandi lögaðilum, lykilstarfsemi og kjarnastarfsemi

Leiðbeiningar að því er varðar sérstaka dálka:

Dálkar	Lagastoð og leiðbeiningar
010	Nauðsynlegir starfsþættir Merking „nauðsynlegra starfsþátta“ skv. 35. lið 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

Dálkar	Lagastoð og leiðbeiningar
020	Kjarnastarfsemi Merking „kjarnastarfsemi“ skv. 36. lið 1. mgr.2. gr. og 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
030–040	Lögaðili
030	Heiti einingar
040	Kennimerki lögaðila 20 stafa alstafakóði lögaðila sem auðkenndur er í dálki 010. Kennimerki lögaðila sem með einkvæmum hætti tilgreinir lögaðila eða skipulag sem er aðili að fjármálaviðskiptum, í hvaða lögsögu sem er. Ef „kennimerki lögaðila“ er ekki fyrir hendi fyrir tiltekna einingu skal láta í té aðra tegund auðkenningar. Aðeins er heimilt að segja „ekki tiltækt“ þegar ekki er nein önnur tegund auðkenningar fyrir hendi.
050	Staðsetning Land þar sem viðskiptasvið starfa.
060	Fjöldi skrifstofa/útibúa á staðnum
070–090	Efnislegar eignir
070	Tegund
080	Fjárhæð Í milljónum
090	Gjaldmiðill Auðkenning samkvæmt ISO 4217
100–120	Efnislegar skuldbindingar
100	Tegund
110	Fjárhæð Í milljónum
120	Gjaldmiðill Auðkenning samkvæmt ISO 4217
130-170	Fulltrúi framkvæmdastjórnar sem ber ábyrgð á að afhenda upplýsingar

Dálkar	Lagastoð og leiðbeiningar
130	Heiti Eiginnafn, kenninafn
140	Aðgerð
150	Deild
160	Símanúmer Símanúmer deildar og einkanúmer einstaklingsins sem nefndur er í dálki 130.
170	Tölvupóstfang Pósthólf deildar og einkanetfang einstaklingsins sem nefndur er í dálki 130.

5. IV. VIÐAUKI, ÞÁTTUR 1 — ÞÝÐINGARMIKLIR MÓTAÐILAR (EIGNIR)

<p>Eftirfarandi þáttur, sem skráður er í þátt B í viðaukanum við tilskipun 2014/59/ESB, fellur undir þetta sniðmát:</p> <p><i>10) tilgreining helstu eða þýðingarmestu mótaðila stofnunarinnar auk greiningar á áhrifum vanefnda helstu mótaðila á fjárhagsstöðu stofnunarinnar</i></p>

Leiðbeiningar að því er varðar sérstaka dálka:

Dálkar	Lagastoð og leiðbeiningar
010-020	Lögaðili
010	Heiti einingar
020	Kennimerki lögaðila 20 stafa alstafakóði lögaðila sem auðkenndur er í dálki 010. Kennimerki lögaðila sem með einkvæmum hætti tilgreinir lögaðila eða skipulag sem er aðili að fjármálaviðskiptum, í hvaða lögsögu sem er. Ef „kennimerki lögaðila“ er ekki fyrir hendi fyrir tiltekna einingu skal láta í té aðra tegund auðkenningar. Aðeins er heimilt að segja „ekki tiltækt“ þegar ekki er nein önnur tegund auðkenningar fyrir hendi.
030–040	Þýðingarmikill mótaðili Viðkomandi yfirvöld munu ákvarða hvort mótaðilinn sé þýðingarmikill. Gera skal grein fyrir mótaðilum fyrir viðkomandi hópa tengdra viðskiptavina og á einingargrunni ef viðskiptavinurinn tilheyrir ekki hópi tengdra viðskiptavina. Skilavöldum er heimilt að óska eftir upplýsingum um hópa tengdra viðskiptavina á einingargrunni. Hópur tengdra viðskiptavina eins og þeir eru skilgreindir í 39. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Upplýsingar sem veittar eru í þessu sniðmáti ættu að koma til fyllingar á upplýsingum sem þegar hafa verið veittar í stórum áhættuskuldbindingum.

Dálkar	Lagastoð og leiðbeiningar
030	Heiti einingar
040	<p>Kennimerki lögaðila</p> <p>20 stafa alstafakóði lögaðila sem auðkenndur er í dálki 010. Kennimerki lögaðila sem með einkvæmum hætti tilgreinir lögaðila eða skipulag sem er aðili að fjármálaviðskiptum, í hvaða lögsögu sem er.</p> <p>Ef „kennimerki lögaðila“ er ekki fyrir hendi fyrir tiltekna einingu skal láta í té aðra tegund auðkenningar. Aðeins er heimilt að segja „ekki tiltækt“ þegar ekki er nein önnur tegund auðkenningar fyrir hendi.</p>
050	<p>Gjaldmiðill</p> <p>Auðkenning samkvæmt ISO 4217</p>
060	<p>Upphafleg áhættuskuldbinding</p> <p>Merking „upphaflegra áhættuskuldbindinga“ er skv. 24., 389., 390. og 392. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og ætti að fylgja nálgun sniðmáta fjárhagsupplýsinga.</p>
070	<p>Mildanir útlánaáhættu</p> <p>Merking „mildunar útlánaáhættu“ (CRM) er skv. 399. og 401.–403. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Að því er varðar þessa skýrslugjöf skal nota aðferðir við mildun útlánaáhættu, eins og skilgreint er í 57. mgr. 4. gr. og viðurkennt í þriðja hluta, 3. og 4. kafla II. bóls, í samræmi við 401.–403. gr. reglugerð (ESB) nr. 575/2013.</p>
080	<p>Virðisbreytingar og varúðarniðurfærslur</p> <p>Merking „virðisbreytinga og varúðarniðurfærslna“ eins og þær eru skilgreindar í 24., 34., 110. og 111. gr reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.</p>
090	<p>Hrein áhættuskuldbinding</p> <p>090 = 060–070–080</p>
100	<p>Áhrif á CET1-hlutfall</p> <p>Áhrif af vanskilum mótaðilans sem skráður er í dálk 030 á hlutfall hefðbundins eigin fjár þáttar 1 lögaðila sem skráður er í dálk 010. Reiknireglan sem lagt er til að notuð sé til að reikna út áhrifin á CET1-hlutfallið er:</p> <p>$CET1 - ((CET1 - \text{ætlað tap}) / (RWA - \text{ætlað tap})) = \text{áhrif á CET1.}$</p> <p>Skilavöldum er fjálst að óska eftir fullkonnari reiknireglu þegar þau telja að hún henti betur.</p>

6. IV. VIÐAUKI, ÞÁTTUR 2 —ÞÝÐINGARMIKLIR MÓTAÐILAR (SKULDIR)

